

---

## FUNDARGERÐ

**Fundur:** 101. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.  
**Fundartími:** Fimmtudagur 25. október 2012, kl. 13:00-15:00  
**Fundarstaður:** Landsnet, Gylfaflöt 9  
**Fundarefni:** 1) Staða skráningar.  
2) Kostnaður vegna skorts 2010-2011  
3) Áætlun ársins 2013.  
4) Útreikningar á SSO  
5) Önnur mál.  
a) ENTSOE flokkun hjá Landsneti  
b) Skýrslur / aðferð Landsnets

---

Á fundinn mættu:

**START:** Ragnar Stefánsson, Landsnet  
Rúnar Svavar Svavarsson, Orkuveita Reykjavíkur  
Ragnar Emilsson, Orkubú Vestfjarða  
Erla Björk Þorgeirsdóttir, Orkustofnun  
Kjartan Rolf Árnason, RARIK  
Gunnar Haukur Gunnarsson, Norðurorka

**EFLA:** Ingvar Baldursson  
Kolbrún Reinholdsdóttir  
Ingólfur Arnarson

**Landsnet:** Anna Einarisdóttir  
Kjartan Sigurjónsson  
Brynjar Þór Kristófersson

**Fjarverandi:** Egill Sigmundsson, HS Veitur  
Sigfús Guðlaugsson, Rafveita Reyðarfjarðar

- 1) Skráning truflana er í góðu horfi hjá veitunum og er í hefðbundnum farvegi. Landsvirkjun skráir skýrslur jafnóðum. Ef skýrsla er tilkynningaskyld til Orkustofnunar ætti skráningarforrit að gefa ábendingu um það. Í kjölfar truflana á Norðurlandi í september var tilvik sem tilkynna átti til Orkustofnunar. Norðurorka skráir upplýsingar á skráningareyðublað sem síðan er skráð í START kerfið í lok árs. Fleiri truflanir eru í ár sem gæti að einhverju leyti tengst verklegum framkvæmdum. Einnig hefur þurft að keyra varaafsvél. Hjá Orkubúi Vestfjarða er búið að skrá skýrslur fyrir janúar til september. Starfsmenn OV eru áhugasamir um skráningu í nýju truflanaskráningaforrit frá DMM Lausnum. Unnið er að yfirfærslu gagna yfir í START gagnagrunn. RARIK er með ca. 2 mánaða töf í skráningu. Það

eru færri skýrslur í ár en í fyrra. Þrjú tilvik hafa verið tilkynningaskyld til Orkustofnunar. Hjá OR er búið að skrá skýrslur fyrir 9 mánuði og fara yfir og leiðrétta fyrstu 5 mánuði.

- 2) Skýrsla „Kostnaður vegna raforkuskorts. Tölur til notkunar árin 2011 og 2012“ er komin á vef hópsins, [www.truflun.is](http://www.truflun.is). Farið var yfir skýrsluna á síðasta fundi. IB vakti athygli á því að þörf er að endurmeta grunntölur um kostnað vegna skorts, en þær byggja ár rannsóknum/könnun sem var gerð var á árunum 1989-1994. Umræða var um þetta atriði og aðlalega um umfang og kostnað vinnunar. Erla nefndi að eftir er að endurskoða reglugerð 1040/2005 *Reglugerð um framkvæmd raforkulaga*, sem snýr að bótum vegna straumleysis. Fulltrúar veitna vildu að þessum atriðum væri haldið aðskilið.

RSS og KR yfirgefa fundin.

- 3) IB fór yfir áætlun um starfið á árinu 2013 og rauntölur um vinnu ársins 2012 sem eru undir áætlun ársins. Engar athugasemdir komu við áætlunina. Hópurinn samþykkti að nota ónýtta tíma ársins 2012 til að hefja frumathugun á að endurmeta kostnaðartölur vegna skorts. Fyrir árið 2013 væri bætt við tímum vegna þessa atriðis. IB mun senda áætlun á fundarmenn sem koma með athugasemdir í kjölfarið.
- 4) Útreikningar á SSO stuðli í afhendingu raforku, erindi frá KRÁ. KRÁ fór yfir tilvik þar sem afl er rofið oft en einu sinni í sömu truflun. IB útskýrði að í START grunni er búið að bæta við skráningu á skerðingu atriði sem nefnist „Tvítalið afl“, ef merkt er við þetta atriði reiknast ekki afl fyrir viðkomandi færslu í útreikningum á SSO stuðli. Samþykkt að halda sig við skilgreindaraðferðir í útreikningum á SSO, og að nota dálkinn „Tvítalið afl“ í töflunni „Skerding“.
- 5) a) RS fór yfir upplýsingagjöf til ENTSO-E. Landsnet mun bæta við START forritið aðgerð til að búa til skýrslur fyrir ENTISOE. Kröfur eru um að skila skýrslum vegna flutningskerfis sem er 220 kV og hærra. Landsnet fyrirhugar að færa þetta einnig yfir á 132kV og 66kV kerfið.

b) Skýrslur / aðferð Landsnets. Brynjar Þór kom á fundinn og sýndi hvernig Landsnet sækir upplýsingar úr START grunni og birta þær í Excel skjölum.

Fleira ekki gert. Næsti fundur er fyrirhugaður 18. apríl 2013 kl. 13, hjá Landsneti.

Eftir fundi sýndi Ragnar stjórnherbergi kerfisstjórnar.

Ingvar Baldursson

Dreift var fyrir fundinn:

- Skýrsla „Kostnaður vegna raforkuskorts. Tölur til notkunar árin 2011 og 2012.“
- Vinna fyrir starfshóp um rekstrartruflanir 2013. Verkefnishandbók. Drög 1

Dreift var á fundinum:

Sýnt var en ekki dreift:

- Töflur um vinnu fyrir START hópinn á árinu 2012.

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
IB	Endurskoða verkefnishandbók 2013 og senda á hópinn.